

Skýið hjá dk

Heildarlausn í hýsingu
forrita & gagna

Örugg hýsing gagna hjá dk

Hýsingarþjónusta (dkVistun) dk hugbúnaðar er sniðin að þörfum viðskiptavina okkar. Notendur kerfisins tengjast þjónustunni í gegnum veraldarvefinn og öll gagnavinnsla fer fram á öflugum miðlurum.

Kerfisleiga dk hugbúnaðar veitir viðskiptavinum okkar aukið frelsi því nálgast má upplýsingar úr dk Viðskiptahugbúnaðinum hvaðan sem er í heiminum í gegnum veraldarvefinn. Einnig er einfalt að opna aðgang fyrir endurskoðanda eða bókhaldsstofu sé þess óskað.

dk sér um alla afritun gagna og annast uppfærslu hugbúnaðar. Þetta tryggir aukið rekstraröryggi og gerir allan kostnað vegna tölvubúnaðar fyrirsjáanlegri. Þá hentar hýsingin jafnt PC sem Mac notendum.

Af hverju kerfisleiga?

Aukin hagkvæmni í rekstri

Með því að láta dk sjá um rekstur tölvukerfisins er fyrirtækið að tryggja að það geti einbeitt sér betur að sinni kjarnastarfsemi sem getur gefið þeim aukið forskot á samkeppnina. Þetta hefur einnig í för með sér að kostnaður vegna tæknimála og hugbúnaðar verður fyrirsjáanlegri með föstum mánaðargreiðslum.

Með því að notast við hýsingu dk eru fyrirtæki að ná sér í fyrsta flokks aðgang að sérfræðipækkingu og nútímatækni fyrir lítið brot af því sem það myndi kosta að setja upp slíka aðstöðu innan fyrirtækisins sjálfs.

Aukið rekstraröryggi

Með því að notast við kerfisleigu dk eru fyrirtæki að tryggja sér aukið rekstraröryggi. Afritataka er alfarið í höndum dk og allur vélbúnaður sem og kerfissalur dk uppfyllir ströngustu skilyrði um gagnatengingar, varaafstöðvar, aðgangsstýringar, vírusvarnir og bruna- og vatnslekavarnir, auk þess að vera undir stöðugu eftirliti fagmanna allan sólarhringinn.

Aukinn sveigjanleiki

Kerfisleiga dk gerir fyrirtækjum kleift að vera sveigjanleg og samkeppnishæf í síbreytilegu umhverfi nútímatækni. Þjónustan tryggir að fyrirtæki hafi ávallt aðgang að nýjustu útgáfum af þeim hugbúnaði og rekstrarumhverfi sem það vinnur í án þess að þurfa að leggja út í kostnaðarsamar fjárfestingar í slíkum búnað.